Reglugerð um félög og keppendur

Félög:

1. **Hlutgengi**

   1.1. Félag verður aðili að ÍSÍ og þar með HNÍ með inngöngu í hlutaðeigandi héraðssamband/íþróttabandalag sbr. 2 kafla 5 gr. gildandi laga ÍSÍ.

2. **Starfsleyfi**

   2.1. Öll félög innan vébanda HNÍ skulu skila inn starfsskýrslu í félagakerfi ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert til þess að viðhalda starfsleyfi sínu. Heimilt er að gefa frest á skilum en eingöngu ef ÍSÍ ákveði að veita þann frest.

Keppendur:

1. **Hlutgengi**

   1.1. Til þess að vera hlutgengur til keppni á mótum á vegum HNÍ eða af félagi innan þess verður viðkomandi að hafa náð þeim aldri sem tilgreindur er í keppnisreglum World Boxing hverju sinni og vera skráður í félagi innan vébanda HNÍ samkvæmt félagskerfi ÍSÍ.

   1.2. Auk þess þarf viðkomandi að hafa þátttöku bók með keppnisleyfi í gildi og hafa gengist undir læknisskoðun skv. reglum þátttöku bókarinnar.

2. **Þátttöku Bók**

   2.1. Í þátttöku bók eru skráðar viðureignir keppanda ásamt grunnupplýsingum um hann, árlegri læknisskoðun hans og árlegri staðfestingu frá landssambandi.

   2.2. Þátttöku bók sem er í boði fyrir keppendur, er þátttöku bók frá HNÍ. HNÍ þátttöku bók geta allir þeir iðkendur fengið sem eru skráðir í félagakerfi ÍSÍ og hafa æft hjá félagi innan vébanda HNÍ í a.m.k. 6 mánuði, með a.m.k. þriggja (3) ára samfellda búsetu á Íslandi og uppfylla öll þau skilyrði sem World Boxing setur hverju sinni um gjaldgengi á þeirra mótum.

   2.3. Þegar sækja á um þátttöku bók í fyrsta sinn skal senda inn umsókn til fulltrúa HNÍ sem hefur umsjón með þátttöku bókum hverju sinni ásamt gjaldi fyrir þátttöku bók sem er kveðið er af HNÍ ár hvert. Umsókn skal fylgja staðfesting undirrituð af formanni eða öðrum stjórnarmanni viðkomandi félags eða deildar og þjálfara um að iðkandi hafi æft hjá þeim í a.m.k. 6 mánuði. Þegar umsókn hefur verið móttekin og samþykkt fær iðkandi senda/afhenda óútfyllta þátttöku bók. Í þátttöku bók er læknisvottorð fyrir lækni til útfyllingar og staðfestingar á heilbrigði iðkanda. Iðkandi skal svo skila til HNÍ þátttöku bókinni með læknisvottorði útfylltu af lækni ásamt tveimur ljósmyndum og bókargjaldi. Iðkandi telst hlutgengur um leið og formaður HNÍ hefur staðfest þátttöku leyfið.

2.4. Ef iðkandi er að sækja um HNÍ þátttöku bók í fyrsta sinn og er erlendur ríkisborgari skal hann einnig skila inn staðfestingu á samfelldri búsetu hér á landi í a.m.k. þrjú (3) ár ásamt afriti af viðurkenndum skilríkjum.

2.5. Við endurnýjun þátttöku bóka skal iðkandi fá útfyllt læknisvottorð á eyðublaði ásamt staðfestingu á læknisskoðun í þátttöku bókina sjálfa. Þessu skal svo skilað inn til HNÍ ásamt keppnisgjaldi. Iðkandi telst hlutgengur um leið og formaður HNÍ hefur staðfest þátttöku leyfið.

2.6. Ef eldri þátttöku bók glatast, skal sækja um nýja þátttöku bók og þarf við það að fylgja reglum um umsókn á nýrri þátttöku bók.

2.7. Keppendur vera ábyrgð á sinni þátttöku bók.

2.8. Í gjaldskrá HNÍ er að finna gjald fyrir nýjar þátttöku bækur og keppnisgjald.

3. **Keppnistímabil**

3.1. Keppnistímabilið er frá 1. september til 31. ágúst.

3.2. Keppnisleyfi gildir eitt keppnistímabil í senn, óháð því hvenær umsókn um leyfi var samþykkt.

4. **Félagaskipti**

4.1. Félagaskipti eru heimil á tímabilinu 1. ágúst til 15. september ár hvert. Félagaskipti eru einnig heimil hvenær sem er á árinu, komi formenn viðkomandi félaga sér saman um félagaskipti, þó aðeins einu sinni á hvorum helming keppnistímabils. Viðkomandi leikmaður þarf að vera skuldlaus og án annarra samninga við fráfarandi félag. Félagaskipti skulu vera skrifleg. Félagaskipti ganga í gegn um leið og formaður HNÍ hefur staðfest skiptin.

4.2. Hægt er að sækja um undanþágu gagnvart reglu þessari til stjórnar HNÍ ef iðkandi telur á sér brotið.

5. **Læknisskoðun og heilsufar keppanda**

5.1. Allir keppendur skulu uppfylla gildandi læknisfræðilegar kröfur World Boxing að hverju sinni.

5.2. Læknisskoðun, keppnisbann, heilsufarmat og önnur læknisfræðileg atriði skulu fara fram í samræmi við Læknishandbók World Boxing (World Boxing Medical Handbook.

5.3. HNÍ áskilur sér rétt til að setja frekari kröfur ef íslensk lög eða reglur ÍSÍ krefjast þess.

6. **Hegðun**

6.1. Iðkandi skal ávallt sýna fyrirmyndarhegðun bæði innan sem utan hrings. Hann skal virða reglur og tilmæli sem honum eru gefin og sýna af sér íþróttamannslega hegðun í einu og öllu.